



# **LÖG FYRIR FJÖLUMDÆMI LIONS NR. 109**

## EFNISYFIRLIT

<i>I. Kafli. Heiti, markmið, gildissvið.....</i>	<i>4</i>
■ <i>1. gr. Heiti.....</i>	<i>4</i>
■ <i>2. gr. Markmið.....</i>	<i>4</i>
■ <i>3. gr. Gildissvið.....</i>	<i>4</i>
<i>II. Kafli. Félagsaðild.....</i>	<i>4</i>
■ <i>4. gr. Félagsaðilar - umdæmi.....</i>	<i>4</i>
<i>III. Kafli. Merki, litir, kjörorð og einkunnarorð.....</i>	<i>5</i>
■ <i>5. gr. Merki.....</i>	<i>5</i>
■ <i>6. gr. Notkun nafns og merkis.....</i>	<i>5</i>
■ <i>7. gr. Litir.....</i>	<i>5</i>
■ <i>8. gr. Kjörorð.....</i>	<i>5</i>
■ <i>9. gr. Einkunnarorð.....</i>	<i>5</i>
<i>IV. Kafli. Embættismenn og umdæmisstjóraráð.....</i>	<i>5</i>
■ <i>10. gr. Skipan.....</i>	<i>5</i>
■ <i>11. gr. Embættismenn.....</i>	<i>6</i>
■ <i>12. gr. Kjör fjölumdæmisstjóra og atkvæðagreiðsla.....</i>	<i>6</i>
■ <i>13. gr. Valdheimildir.....</i>	<i>6</i>
■ <i>14. gr. Brottvikning.....</i>	<i>7</i>
■ <i>15. gr. Umdæmisstjóraráð fjölumdæmis.....</i>	<i>7</i>
■ <i>16. gr. Fjölumdæmisstjóri.....</i>	<i>7</i>
■ <i>17. gr. Ritari/gjaldkeri umdæmisstjóraráðs fjölumdæmisins.....</i>	<i>8</i>
■ <i>18. gr. Siðameistari fjölumdæmis.....</i>	<i>8</i>
<i>VI. Kafli. Fjölumdæmisnefndir.....</i>	<i>9</i>
■ <i>19. gr. Kjörbréfanefnd.....</i>	<i>9</i>
■ <i>20. gr. Nefndir fjölumdæmisþings.....</i>	<i>9</i>
■ <i>21. gr. Laganefnd.....</i>	<i>9</i>
■ <i>22. gr. Aðrar nefndir.....</i>	<i>9</i>
<i>VII. Kafli. Fundir.....</i>	<i>10</i>
■ <i>23. gr. Fundir umdæmisstjóraráðs.....</i>	<i>10</i>
■ <i>24. gr. Önnur fundarform.....</i>	<i>10</i>
■ <i>25. gr. Ákvörðunarbær meirihluti.....</i>	<i>10</i>

■ 26. gr. Málefni afgreidd í pósti. ....	10
VIII. Kafli. Fjölumdæmisþing. ....	10
■ 27. gr. Æðsta vald. ....	10
■ 28. gr. Staður og stund. ....	10
■ 29. gr. Val þingstaðar. ....	10
■ 30. gr. Opinbert fundarboð. ....	11
■ 31. gr. Breyting á fundarstað. ....	11
■ 32. gr. Reglur varðandi fulltrúa klúbba. ....	11
■ 33. gr. Ákvörðungarbær meirihluti. ....	11
■ 34. gr. Embættismenn. ....	11
■ 35. gr. Fundarsköp og dagskrá á þingfundum. ....	12
■ 36. gr. Þingstjóri. ....	12
■ 37. gr. Fundargerð fjölumdæmisþings. ....	12
■ 38. gr. Umdæmisþing. ....	12
■ 39. gr. Sérstakt þing. ....	12
IX. Kafli. Sjóður fjölumdæmisþings. ....	13
■ 40. gr. Þinggjald. ....	13
■ 41. gr. Eftirstöðvar þingsjóðs. ....	13
■ 42. gr. Innheimta gjalda. ....	13
X. Kafli. Fjölumdæmisgjald. ....	13
■ 43. gr. Tekjur fjölumdæmis. ....	13
■ 44. gr. Eftirstöðvar rekstrarsjóðs. ....	14
XI. Kafli. Tilnefningar og stuðningsyfirlýsingar til embættis/embætta annars varaforseta og alþjóðastjórnarmanna. ....	14
■ 45. gr. Málsmeðferð varðandi stuðningsyfirlýsingar. ....	14
■ 46. gr. Tilnefning. ....	14
■ 47. gr. Ræða frambjóðanda um stuðningsyfirlýsingu. ....	14
■ 49. gr. Stuðningsyfirlýsing við umdæmisframbjóðanda. ....	15
■ 50. gr. Vottun stuðningsyfirlýsingar. ....	15
■ 51. gr. Lögmæti. ....	15
XII. Kafli. Reglur fjölumdæmis um málsmeðferð við lausn ágreiningsmála. ....	15
■ 52. gr. Ágreiningsmál sem lúta reglum um málsmeðferð. ....	15
■ 53. gr. Kærur og kæruskráninargjald. ....	16

■ 54. gr. Svar við kærnu.....	16
■ 55. gr. Trúnaðarskylda.....	17
■ 56. gr. Val sáttamanna.....	17
■ 57. gr. Sáttafundur og úrskurður sáttamanna.....	18
■ 58. gr. Laun og þóknanir.....	18
■ 59. gr. Fjárhagsár.....	18
■ 60. gr. Endurskoðun eða könnun á bókhaldi.....	18
XIV. Kafli. Breytingar á lögum.....	19
■ 61. gr. Málsmeðferð varðandi breytingar á lögum þessum.....	19
■ 62. gr. Uppfærsla vegna breytinga á alþjóðalögum.....	19
■ 63. gr. Tilkygning.....	19
■ 64. gr. Gildistökudagur lagabreytinga.....	19
XV. Kafli. Gildistaka.....	19
■ 65. gr. Gildistaka og lagaskil.....	19
Bráðabirgðaákvæði.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Alþjóðasamtök Lionsklúbba.....	20
Markmið.....	20
Framtíðarsýn.....	20
Hlutverk.....	20

## I. Kafli. Heiti, markmið, gildissvið.

### ■ 1. gr. Heiti.

Heiti samtakanna skal vera fjöllumdæmi Lions nr. 109, hér eftir í lögum þessum nefnt „fjöllumdæmi.“ Fjöllumdæmi 109 nær yfir Ísland.

### ■ 2. gr. Markmið.

Markmið fjöllumdæmisins er:

(a) Að kveða á um stjórnunarfyrikomulag sem nýtist til að ná markmiðum Alþjóðasamtaka Lionsklúbba - Lions Clubs International (LCI) - í fjöllumdæminu, hér eftir nefnd alþjóðasamtökin.

(b) Að vekja og efla anda skilnings meðal þjóða heims.

(c) Að efla meginreglur heilbrigðs stjórnarfars og borgaralegra dyggða.

(d) Að sýna virkan áhuga á velferð samfélagsins í félagsmálum, menningu og almennu siðgæði.

(e) Að tengja félagana böndum vináttu, góðs félagsanda og gagnkvæms skilnings.

(f) Að skapa vettvang fyrir frjálssar umræður um öll málefni sem varða almannaheill en undanskilja þó umræður um stjórnsmál og trúarbrögð.

(f) Að hvetja þjónustuviljuga fólk til að leggja lið í samfélagi sínu, án persónulegs, fjárhagslegs ávinnings og að hvetja til dugnaðar og eflingar siðgæðis á sviðum viðskipta, iðnaðar, atvinnulífs, opinberrar þjónustu og einkareksturs.

### ■ 3. gr. Gildissvið.

Lög þessi skulu gilda um stjórn fjöllumdæmisins, nema öðruvísi sé mælt fyrir, þannig að ekki stangist á við alþjóðalög og viðauka við þau og stefnu alþjóðasamtakanna. Hvarvetna þar sem ákvæði fjöllumdæmislaga kunna að stangast á við eða vera í mótsögn við alþjóðalög og viðauka við þau, skulu alþjóðalög og viðaukar gilda.

## II. Kafli. Félagsaðild.

### ■ 4. gr. Félagsaðilar - umdæmi.

Félagsaðilar að samtökum þessum skulu vera allir Lionsklúbbar í fjöllumdæminu sem fengið hafa stofnskrá frá alþjóðasamtökunum.

Fjöllumdæmi 109 samanstendur af 2 umdæmum, umdæmi 109 A og umdæmi 109 B, með umdæmismörkum sem fjöllumdæmisþing hefur fallist á og stjórn alþjóðasamtakanna hefur samþykkt.

### III. Kafli. Merki, litir, kjörorð og einkunnarorð.

■ **5. gr. Merki.**

- Einkennismerki alþjóðasamtakanna og hvers einstaks klúbbs, sem fengið hefur stofnskrá, skal vera hannað á eftirfarandi hátt:



■ **6. gr. Notkun nafns og merkis.**

- Notkun nafns, viðskiptavildar, merkis og annarra auðkennismerkja alþjóðasamtakanna skal fara eftir því sem segir í viðmiðunarreglum þeim sem settar eru hverju sinni í lögum alþjóðasamtakanna.

■ **7. gr. Litir.**

- Litir alþjóðasamtakanna og hvers klúbbs með stofnskrá skulu vera fjólubláir og gylltir.

■ **8. gr. Kjörorð.**

- Kjörorð samtakanna skulu vera; frelsi, þekking, þjóðaröryggi.

■ **9. gr. Einkunnarorð.**

- Einkunnarorð samtakanna skulu vera: Við leggjum lið.

### IV. Kafli. Embættismenn og umdæmisstjóraráð.

■ **10. gr. Skipan.**

- Umdæmisstjóraráð skal skipað öllum umdæmisstjórum í fjölumdæminu og einnig skal það skipað einum núverandi eða fyrrverandi umdæmisstjóra, sem gegna skal embætti fjölumdæmisstjóra. Embættismenn fjölumdæmisins skulu eiga sæti í umdæmisstjóraráði.
- Sérhver meðlimur sem skipar umdæmisstjóraráð, þar með talinn fjölumdæmisstjóri, skal fara með eitt (1) atkvæði í málum þar sem þörf er á aðgerðum af hálfu ráðsins.
- Fjölumdæmisstjóri skal einungis gegna starfi sínu í eitt ár og getur ekki gegnt því starfi aftur.

(VIII. grein, 4. hluti, alþjóðlegu viðaukalaganna heimilar fjölumdæmi, á grundvelli ákvæða laga og viðauka, að ná einnig til ákveðinna annarra Lionsfélaga sem teljast þá meðlimir í umdæmisstjóraráði.)

■ **11. gr. Embættismenn.**

□ Embættismenn umdæmisstjóraráðs skulu vera fjölumdæmisstjóri og vara-fjölumdæmisstjóri, ritari og gjaldkeri og aðrir þeir embættismenn sem ráðið telur nauðsynlega og skulu allir kosnir árlega af umdæmisstjóraráði.

■ **12. gr. Kjör fjölumdæmisstjóra og atkvæðagreiðsla.**

Fjölumdæmisstjóri skal kjörinn á árlegu fjölumdæmisþingi. Skal hann vera núverandi eða fyrrverandi umdæmisstjóri þegar hann tekur við embætti og fullgildur og skuldlaus félagi í fullgildum og skuldlausum klúbbi í fjölumdæminu. Kosning skal vera leynileg og skrifleg.

Til þess að ná kjöri er þess krafist, að frambjóðandi eða frambjóðendur tryggji sér meirhluta atkvæða, sem greidd eru af fulltrúum sem viðstaddir eru og greiða atkvæði. Í þessu sambandi telst meirihluti atkvæða vera meira en helmingur allra gildra atkvæða, að frátöldum atkvæðum þeirra fulltrúa, sem skila auðu og/eða sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Ef enginn frambjóðandi fær meirihluta í fyrstu atkvæðagreiðslu eða í síðari atkvæðagreiðslum skal sá frambjóðandi, sem fæst atkvæði fær eða þeir frambjóðendur, sem jafnfæst atkvæði fá, falla úr kosningunni. Atkvæðagreiðslu skal haldið áfram uns einn frambjóðandi hlýtur meirihluta atkvæða.

Ef frambjóðendur hljóta jafnmörg atkvæði í einhverri atkvæðagreiðslu skal atkvæðagreiðslu haldið áfram þar til einn frambjóðandi nær kjöri.

■ **13. gr. Valdheimildir.**

□ Umdæmisstjóraráð skal, sé það ekki í ósamræmi við og andstætt ákvæðum stofnsamnings, laga og viðauka alþjóðasamtakanna, og völd þau sem heimildir þessar veita alþjóðastjórn og snerta stefnumál og gerðir ráðsins:

(a) Eiga lögsögu og fara með forræði yfir öllum embættismönnum og fulltrúum umdæmisstjóraráðs, þegar þeir koma fram sem slíkir, svo og öllum nefndum fjölumdæmisins og fjölumdæmisþings.

(b) Hafa umsjón og stjórn yfir eignum, rekstri og sjóðum fjölumdæmisins.

(c) Eiga lögsögu og fara með yferráð og eftirlit með öllum þáttum fjölumdæmisþings og öllum öðrum fundum fjölumdæmisins.

(d) Eiga lögsögu og fara með úrskurðarvald, þegar heimild er veitt til þess á grundvelli stefnu alþjóðastjórnar og samkvæmt reglum um málsmeðferð sem alþjóðastjórn hefur sett, til að hlýða á málflutning og úrskurða um allar kærur er snerta stofnskrá og sem bornar eru fram af hálfu umdæmis eða umdæma, Lionsklúbbs eða félaga í Lionsklúbbi innan fjölumdæmisins. Allir slíkir úrskurðir umdæmisstjóraráðs skulu lúta endurskoðun og ákvörðun af hálfu alþjóðastjórnar.

(e) Hafa eftirlit og stjórn á öllum málum er snerta fjárhagsáætlun fjölumdæmis og nefnda þess, umdæma, svo og fjölumdæmisþings. Ekki er heimilt að samþykkja neinar skuldbindingar eða takast á hendur skuldbindingar sem munu hafa í för með sér halla á fjárhagsáætlun eða halla á fjárhagsári.

■ **14. gr. Brottvikning.**

□ Að beiðni meirihluta umdæmisstjóraráðs er heimilt að kalla saman aukafund ráðsins í því skyni að víkja fjölumdæmisstjóra frá störfum.

□ Án tillits til þess hvernig að vali eða kosningu fjölumdæmisstjóra var háttað er heimilt að víkja honum úr ráðinu á grundvelli tiltekinna ástæðna með samþykki tveggja þriðju hluta (2/3) allra þeirra sem sitja í umdæmisstjóraráði.

**V. Kafli. Skyldur umdæmisstjóraráðs fjölumdæmis og embættismanna ráðsins.**

■ **15. gr. Umdæmisstjóraráð fjölumdæmis.**

Umdæmisstjóraráð skal:

(a) Sjá um gerð allra samninga og samþykkja alla reikninga varðandi stjórnsýsluútgjöld fjölumdæmisþings.

(b) Tilnefna vörsluaðila fyrir sjóði fjölumdæmis.

(c) Ákveða fjárhæð ábyrgðar vegna ritara/gjaldkera ráðsins og samþykkja ábyrgðarfyrirtæki það sem gefur út nefnda ábyrgð.

(d) Taka við reikningsskilum, hálfárslega eða oftár, frá ritara/gjaldkera ráðsins og sjá um að fram fari endurskoðun af hálfu löggilts endurskoðanda á bókhaldi og reikningum ritara/gjaldkera ráðsins í lok reikningsárs.

(e) Skipuleggja og stjórna starfsemi sameiginlegrar skrifstofu íslenskra Lionsklúbba og ráða til hennar starfskrafta.

(f) Fjölumdæmi 109 gefur út tímarit sem nefnist LION. Ritstjóri, sem ráðinn er af umdæmisstjóraráði, annast ritstjórn og er ábyrgðarmaður efnis blaðsins. Ritið, sem er viðurkennt af alþjóðasamtökunum, skal koma út sex sinnum á ári, eða eftir því sem alþjóðasamtökin ákveða, með því alþjóðlega efni sem tilskilið er hverju sinni.

■ **16. gr. Fjölumdæmisstjóri.**

Fjölumdæmisstjóri gegnir leiðbeinandi hlutverki varðandi stjórnsýslulegt starf innan fjölumdæmis. Allar aðgerðir hans lúta forræði, leiðbeiningum og eftirliti umdæmisstjóraráðs.

Fjölumdæmisstjóri, í samvinnu við umdæmistjórarráð, skal:

(a) Efla markmið alþjóðasamtakanna.

(b) Veita aðstoð við að koma á framfæri upplýsingum um alþjóðleg stefnumál og stefnumál fjölumdæmis, áætlanir og viðburði.

(c) Skrá og gera aðgengileg markmið og langtímaáætlanir fyrir fjölumdæmið sem settar eru fram af umdæmisstjóraráði.

(d) Boða fundi og greiða fyrir umræðum meðan á fundum umdæmisstjóraráðs stendur.

(e) Greiða fyrir störfum fjölumdæmisþings.

(f) Styðja viðfangsefni sem alþjóðastjórn eða umdæmisstjóraráð eiga frumkvæði að og er ætlað að vekja og rækta samhug og einingu meðal umdæmisstjóra.

(g) Leggja fram skýrslur og framkvæma þau verk sem gerð er krafa um samkvæmt lögum fjölumdæmisins.

(h) Framkvæma aðrar stjórnsýslulegar skyldur sem umdæmisstjóraráð kann að fela honum.



- (i) Greiða fyrir því við lok skipunartíma síns að allir reikningar, sjóðir og gögn fjölumdæmisins séu tímanlega afhent eftirmanni hans.
- (j) Undirbúa þátttöku Íslands í starfi Lions innan Norræna samstarfsráðsins (NSR) og Evrópuforum og fara með atkvæði Íslands í samræmi við reglur NSR og Evrópuforum.

■ **17. gr.** *Ritari/gjaldkeri umdæmisstjóraráðs fjölumdæmisins.*

- Undir eftirliti og stjórn umdæmisstjóraráðs skal ritari/gjaldkeri:
  - (a) Færa nákvæma skrá í fundargerðabók um alla fundi ráðsins og innan tíu (10) daga eftir hvern fund senda eintak af fundargerð til allra í ráðinu og til skrifstofu allþjóðasamtakanna.
  - (b) Aðstoða umdæmisstjóraráð við framkvæmd allra málefna fjölumumdæmisins og framkvæma önnur þau verk sem gerð er krafa um samkvæmt lögum þess eða eftir því sem honum, eftir atvikum, kann að vera falið af ráðinu.
  - (c) Taka við greiðslum og gefa út kvittanir fyrir greiðslum allra gjalda sem skylt er að greiða til ritara/gjaldkera umdæma, sjá um að leggja greiðslur þessar inn í banka (einn eða fleiri), sem ákveðinn er af umdæmisstjóraráði og greiða út af sömu innstæðum undir eftirliti og stjórn ráðsins með millifærslu í banka.
  - (d) Færa nákvæmt bókhald og yfirlit yfir bókhaldsgögn og rita fundargerðir fyrir alla stjórnarfundum umdæmisstjóraráðs og fundi fjölumdæmisins og heimila skoðun á gögnum þessum af hálfu sérhvers meðlims umdæmisstjóraráðs og sérhvers klúbbs í fjölumdæminu (eða fulltrúa þeirra sem hefur fullnægjandi umboð) hvenær sem er og í hvaða eðlilegum tilgangi sem kann að vera.
  - (e) Ganga frá ábyrgð vegna framkvæmda starfa sinna fyrir þeirri fjárhæð og með þeim ábyrgðum eða tryggingum sem umdæmisstjóraráð kann að óska eftir.
  - (f) Afhenda tímanlega, við lok skipunartíma síns, almennt bókhald og/eða reikningsskil, sjóði og gögn fjölumdæmisins til arftaka síns í starfi.
  - (g) Ef sérstakar stöður ritara stjórnar og gjaldkera stjórnar eru stofnaðar fylgja þeim starfsskyldur varðandi hvora stöðu fyrir sig, í samræmi við eðli þeirra starfsskyldna sem fylgja hvorri stöðu.

■ **18. gr.** *Siðameistari fjölumdæmis.*

- Umdæmisstjóraráð skal árlega tilnefna siðameistara fyrir fjölumdæmið. Ber siðameistara, samkvæmt fyrirráðum og undir eftirliti ráðsins, að:
  - (a) Útbúa skrá yfir sætaskipan sem samræmist opinberum siðareglum samtakanna við alla viðburði þar sem tignir gestir eru viðstaddir. Hann skal ganga úr skugga um að móttökuávörp séu í samræmi við siðareglur þessar og að reglum um klæðnað sé fylgt í tengslum við alla viðburði.
  - (b) Sjá um viðeigandi móttöku í flughöfn (eða á öðrum komustað) og viðeigandi flutning á hótél eða í aðra gistingu. Skoða hótélherbergi fyrirfram til að ganga úr skugga um að það sé við hæfi og útvega þægindi við hæfi (blóm, ávexti, o.s.frv.).
  - (c) Skipuleggja viðeigandi fylgd gesta á hvern einstakan viðburð samkvæmt áætlun.
  - (d) Skipuleggja kurteisisheimsóknir til opinberra framámanna á viðkomandi stað (eða opinberra framámanna í landshluta eða leiðtoga lands, sé þess kostur af landfræðilegum ástæðum), eftir því sem heimsóknaráætlun gests leyfir.
  - (e) Samræma kynningar í fjölmiðlum vegna almannatengsla, eins og í sjónvarpi, útvarpi og prentmiðlum, eftir þörfum.

(f) Samræma brottför frá hóteli og flutning til flughafnar (eða annars brottfararstaðar).

## VI. Kafli. Fjölumdæmisnefndir.

### ■ 19. gr. *Kjörbréfanefnd.*

Kjörbréfanefnd fjölumdæmisþings skal skipuð starfandi umdæmisstjórum, fyrsta og öðrum varaumdæmisstjóra og riturum/gjaldkerum. Fjölumdæmisstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Hver einstök kjörbréfanefnd fer með þær heimildir og framkvæmir þær starfsskyldur sem settar eru fram í viðurkenndum reglum um fundarsköp.

### ■ 20. gr. *Nefndir fjölumdæmisþings.*

Umdæmisstjóraráð skal skipa eða tilnefna formann og skipa í allar stöður sem losna í eftirtöldum nefndum fjölumdæmisþings: Ályktananeftnd, tilnefningarneftnd, kjörneftnd, félags- og fundarskapanefnd og alþjóðaðingsneftnd. Hvort umdæmi skal vera með að minnsta kosti einn fulltrúa í hverri nefnd. Nefndir þessar skulu framkvæma skyldustörf þau sem umdæmisstjóraráð tilgreinir.

### ■ 21. gr. *Laganefnd.*

Umdæmisstjóraráð skal skipa laganefnd sem starfa skal bæði fyrir fjölumdæmi 109 og umdæmi 109 A og umdæmi 109 B. Nefndina skulu skipa fimm Lionsfélagar. Að lágmarki einn nefndarmanna skal vera löglærður og gegnir hann formennsku í nefndinni. Allir nefndarmenn skulu hafa reynslu og þekkingu á starfi samtakanna á landsvísu. Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár.

Laganefnd skal:

- a) Hafa hafa eftirlit með að lög og reglur fjölumdæmis og umdæma séu ávallt í samræmi við alþjóðalög og viðauka við þau.
- b) Fylgjast með breytingum á alþjóðalögum og viðaukum við þau og uppfæra bæði fjölumdæmis- og umdæmisög árlega til samræmis við þær breytingar sem kunna að verða gerðar á alþjóðalögum og viðaukum við þau.
- c) Vera umsagnaraðili um tillögur að lagabreytingum sem berast fjölumdæmisstjóra og umdæmisstjórum, m.a. frá Lionsklúbbum og einstökum Lionsfélögum.
- d) Vera ráðgefandi um hvers konar lagaleg álitæfni sem upp kunna að koma í starfi Lionshreyfingarinnar í fjölumdæminu og umdæmum.

Laganefnd hefur heimild til að gera tillögur að lagabreytingum að eigin frumkvæði.

### ■ 22. gr. *Aðrar nefndir.*

Umdæmisstjóraráði er heimilt að stofna og skipa aðrar þær nefndir og þær stöður sem það telur vera nauðsynlegar og viðeigandi til að starfsemi í fjölumdæminu verði skilvirk.

## VII. Kafli. Fundir.

### ■ 23. gr. *Fundir umdæmisstjóraráðs.*

Umdæmisstjóraráð skal halda almennan fund innan sextíu (60) daga frá þeim degi sem umdæmisstjórar taka formlega við embættum og aðra þá fundi sem það telur ráðlegt að halda. Fjölumdæmisstjóri, eða ritari, að ákvörðun fjölumdæmisstjóra, skal senda skriflega tilkynningu um sérhvern fund umdæmisstjóraráðs, þar sem stund og staður er tilgreindur í fundarboði að ákvörðun fjölumdæmisstjóra. Dagsetning allra funda nema fyrsta fundar, sem fjölumdæmisstjóri ákveður, skal ákveðin af umdæmisstjóraráði.

### ■ 24. gr. *Önnur fundarform.*

Almenna og/eða sérstaka fundi ráðsins er heimilt að halda með notkun annarra fundarforma, eins og símafunda og veffunda. Þetta verklag má nota með samþykki meirihluta meðlima umdæmisstjóraráðs.

### ■ 25. gr. *Ákvörðunarbær meirihluti.*

Persónuleg þátttaka meirihluta meðlima umdæmisstjóraráðs á hverjum fundi telst ályktunarbær meirihluti.

### ■ 26. gr. *Málefni afgreidd í pósti.*

Umdæmisstjóraráði er heimilt að sinna málefnum með póstsendingum (þar með talið bréfum, rafrænum pósti, faxi (símbréfi), eða símskeyti) með þeim fyrirvara að engin slík málefni öðlast gildi fyrir en þau hafa verið samþykkt með skriflegum hætti af tveimur þriðju hlutum (2/3) heildarfjölda allra meðlima umdæmisstjóraráðs. Fjölumdæmisstjóri eða einhverjir þrír (3) stjórnarmenn ráðsins geta átt frumkvæði að slíku verklagi.

## VIII. Kafli. Fjölumdæmisþing.

### ■ 27. gr. *Æðsta vald.*

Fjölumdæmisþing fer með æðsta vald í fjölumdæmi 109, með þeim takmörkunum sem felast í lögum þessum, svo og lögum og samþykktum alþjóðasamtakanna.

Umdæmisstjóraráð fer með æðstu stjórn fjölumdæmisins og ber ábyrgð gagnvart fjölumdæmisþingi.

### ■ 28. gr. *Staður og stund.*

Árlegt fjölumdæmisþing skal haldið, eigi síðar en 30 dögum áður en alþjóðþingið er haldið, á stað sem valinn var af þeim þingfulltrúum sem sátu næstsíðasta ársþing fjölumdæmisins, þann dag og þá stund sem ákveðin er af umdæmisstjóraráði.

### ■ 29. gr. *Val þingstaðar.*

Fjölumdæmisstjóri skal taka á móti skriflegum boðum frá þeim klúbbi/klúbbum sem óska eftir því að halda ársþing næsta árs eða eitthvert næstu ára. Öll boð skulu innihalda upplýsingar sem umdæmisstjóraráð kann á hverjum tíma að óska eftir og skal boðum

komið til fjölumdæmisstjóra eigi síðar en fjörutíu og fimm (45) dögum fyrir boðaðan fundardag þingsins, þar sem fulltrúar nefnds þings skulu greiða atkvæði um fundarstað.

□ Umdæmisstjóraráð skal setja reglur sem fylgt skal við könnun tilboða og við kynningu þeirra á þingum, sem og aðgerðir sem ráðast þarf í fari svo að engin tilboð teljist ásættanleg að mati ráðsins, eða að þau séu ekki ásættanleg eins og þau hafa verið lögð fram.

■ **30. gr.** *Opinbert fundarboð.*

□ Umdæmisstjóraráð skal gefa út opinbert prentað fundarboð vegna árlegs fjölumdæmisþings eigi síðar en þrjátíu (30) dögum fyrir þann dag sem ákveðið hefur verið að halda þing, þar sem tiltekinn er staður, dagur og stund fyrir þingið.

■ **31. gr.** *Breyting á fundarstað.*

□ Á grundvelli gildra ástæðna hefur umdæmisstjóraráð heimild og vald til að breyta þingstað sem valinn hafði verið af fjölumdæmisþingi, að því tilskildu að nýr þingstaður sé innan marka fjölumdæmisins og skulu hvorki umdæmisstjóraráð né fjölumdæmið eða umdæmi, eitt eða fleiri, teljast bótaskyld gagnvart nokkrum klúbbi eða umdæmi vegna þessa. Tilkynning um þessa breytingu á þingstað skal vera skrifleg og skal hún látin í té sérhverjum klúbbi fjölumdæmisins eigi síðar en sextíu (60) dögum fyrir boðaðan þingsetningardag hins árlega þings.

■ **32. gr.** *Reglur varðandi fulltrúa klúbba.*

□ Hver einstakur klúbbur, sem fengið hefur stofnskrá, og er skuldlaus við alþjóðasamtökin, umdæmi sitt og fjölumdæmi, skal eiga rétt á að senda á fjölumdæmisþing, fyrir sína hönd, einn (1) fulltrúa og einn (1) varamann fyrir hverja tíu (10) félagar eða meiri hluta þess fjölda, sem hafa verið á félagaskrá í a.m.k. eitt ár og einn dag í viðkomandi klúbbi samkvæmt skráum alþjóðaskrifstofunnar fyrsta dag þess mánaðar sem næstur kemur á undan þeim mánuði þegar þing er haldið. Sá meiri hluti, sem nefndur er í ákvæði þessu, skal teljast vera fimm (5) eða fleiri félagar.

□ Hver einstakur vottaður fulltrúi, sem sjálfur er viðstaddur, skal eiga rétt á að greiða einungis eitt (1) atkvæði í kjöri til hvers embættis sem kjósa þarf í og einungis eitt (1) atkvæði fyrir hvert málefni sem lagt er fyrir viðkomandi þing. Sé ekki öðruvísi tilgreint í lögum þessum leiða atkvæði meirihluta fulltrúa, þegar greidd er atkvæði um málefni, til þess að atkvæðagreiðslan telst vera samþykkt þingsins. Allir kjörgengir fulltrúar verða að vera fullgildir og skuldlausir félagar í klúbbi sem er fullgildur og skuldlaus í umdæminu.

□ Vangreidd félagsgjöld má greiða og öðlast þannig fullgilda félagsaðild allt að 15 dögum áður en lokað er fyrir staðfestingu kjörbréfa, en tímamörk slíkrar lokunar ákvarðast af reglum viðkomandi þings.

■ **33. gr.** *Ákvörðungarbær meirihluti.*

□ Meirihluti viðstaddra fulltrúa á öllum þingfundum fjölumdæmisþings skal teljast vera ákvörðunarbær meirihluti.

■ **34. gr.** *Embættismenn.*

□ Meðlimir umdæmisstjóraráðs skulu vera embættismenn hins árlega fjölumdæmisþings.

■ **35. gr.** *Fundarsköp og dagskrá á þingfundum.*

Umdæmisstjóraráð skal skipuleggja dagskrá á þingfundum fjölumdæmisþings og skal sú dagskrá gilda á öllum þingfundum sérhvers þingdags. Á fjölumdæmisþingi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir og afgeidd eftir því sem við á:

- a) Ársskýrsla umdæmisstjóraráðs.
- b) Endurskoðaðir ársreikningar fjölumdæmis 109.
- c) Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
- d) Fjárhæð fjölumdæmisgjalda fyrir næsta starfsár.
- e) Lagabreytingar.
- f) Kosning stjórnarmanns til þriggja ára í stjórn Hjálparsjóðs fjölumdæmis 109.
- g) Þingstaðir og þingtími næst komandi fjölumdæmis- og umdæmisþinga.
- h) Önnur mál, sem löglega hafa verið fram borin.

Mál og/eða tillögur, sem klúbbur og/eða klúbbar óska að séu rædd á fjölumdæmisþingi, skulu pósthleggjast til fjölumdæmisstjóra á skrifstofu fjölumdæmisins eigi síðar en 45 dögum fyrir fjölumdæmisþing. Önnur mál en þau, sem undirbúin eru á þennan hátt, verða ekki tekin fyrir nema með samþykki meirihluta þingfulltrúa, þó getur umdæmisstjóraráð hvenær sem er og án nokkurs fyrirvara borið upp mál á fjölumdæmisþingi.

Sé ekki kveðið á um annað í lögum þessum eða í fundarsköpum sem samþykkt hafa verið vegna fundar, skal greitt úr öllum vafaatriðum varðandi fundarsköp og málsmeðferð samkvæmt viðurkenndum reglum um fundarsköp á öllum þingum, á öllum fundum umdæmisstjóraráðs og öllum fundum nefnda fjölumdæmisins.

■ **36. gr.** *Þingstjóri.*

Umdæmisstjóraráð skal skipa þingstjóra og þann fjölda aðstoðarþingstjóra sem þurfa þykir.

■ **37. gr.** *Fundargerð fjölumdæmisþings.*

Innan sextíu (60) daga frá lokum fjölumdæmisþings skal umdæmisstjóraráð, eða ritari ráðsins að fyrirmælum þess, senda fundargerð þingsins til LCI og sérhvers klúbbs í fjölumdæminu.

■ **38. gr.** *Umdæmisþing.*

Fundur skráðra þingfulltrúa umdæmis, sem viðstaddir eru fjölumdæmisþing, getur skoðast sem árlegt þing umdæmis.

■ **39. gr.** *Sérstakt þing.*

Boða má til sérstaks þings klúbba í fjölumdæminu með atkvæðum tveggja þriðju hluta umdæmisstjóraráðs á þeim tíma og stað sem stjórnarmenn skulu ákveða, að því tilskildu að slíku sérstöku þingi skal lokið eigi síðar en 15 dögum fyrir boðaðan þingsetningardag alþjóðafþings.

Ritari umdæmisstjóraráðs skal, eigi síðar en 30 dögum fyrir boðaðan fundardag hins sérstaka þings, senda hverjum klúbbi í fjölumdæminu skriflega tilkynningu um þingið, þar sem fram komi stund, staður og tilgangur þess.

## IX. Kafli. Sjóður fjölumdæmisþings.

### ■ 40. gr. Þinggjald.

Í stað eða til viðbótar skráningargjaldi fyrir fjölumdæmisþing, er heimilt að leggja árlegt þinggjald, sem ákveðið skal á fjölumdæmisþingi, á hvern féлага í hverjum klúbbsi í fjölumdæminu. Gjaldið skal innheimt og greitt fyrirfram, nema í nýjum klúbbum sem fengið hafa stofnskrá eða endurskipulögðum klúbbum, í tveimur (2) hálfárslegum greiðslum fyrir hvern féлага í klúbbsi þann tíunda september hvert ár til greiðslu fyrir hálfárs tímabilið frá 1. júlí til 31. desember og fyrir hvern klúbbsféлага þann tíunda mars ár hvert til greiðslu á hálfársgjaldi fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní, þar sem reikningsgerð vegna nefnds gjalds skal byggjast á félagatali hvers klúbbs miðað við fyrstu daga september- og marsmánaðar, hvors um sig.

Þeir klúbbar sem fá stofnskrá eða hafa verið endurskipulagðir á yfirstandandi reikningsári skulu innheimta og greiða nefnt gjald vegna nefnds reikningsárs hlutfallslega, frá fyrsta degi annars mánaðar á eftir stofndegi klúbbs eða endurskipulagningu klúbbs, eftir því sem við á.

Gjald þetta skal greitt til sameiginlegrar skrifstofu íslenskra Lionsklúbba sem skal leggja fjárhæðir sem þannig eru innheimtar inn á sérstakan reikning í banka eða annan geymslustað sem valinn er af viðkomandi umdæmisstjórn. Sjóð, sem þannig hefur verið innheimtur, skal eingöngu nota til að greiða kostnað af fjölumdæmisþingum.

### ■ 41. gr. Eftirstöðvar þingsjóðs.

Hvert reikningsár skulu eftirstöðvar þingsjóðs fjölumdæmisins, eftir greiðslu alls stjórnunarkostnaðar þings á því ári, haldast eftir í sjóðnum og vera aðgengilegar til greiðslu framtíðarútgjalda vegna þinghalda og skulu skoðast sem tekjur á hverju því reikningsári sem þeim er varið eða þær settar í fjárhagsáætlun til greiðslu slíkra útgjalda.

### ■ 42. gr. Innheimta gjalda.

Heimilt er að innheimta gjöld sem umdæmisstjóraráð ákveður, samkvæmt reglum sem það setur, frá hverjum þingfulltrúa, varamanni og gesti sem situr fjölumdæmisþing, til greiðslu raunkostnaðar vegna máltíða og skemmtanahalds á þinginu.

## X. Kafli. Fjölumdæmisgjald.

### ■ 43. gr. Tekjur fjölumdæmis.

Í því skyni að afla tekna til þeirra verkefna fjölumdæmisins sem búið er að samþykkja og til greiðslu stjórnunarkostnaðar hjá fjölumdæminu, skal lagt á árlegt rekstrarsjóðsgjald vegna fjölumdæmisins - fjölumdæmisgjald - á hvern féлага í hverjum klúbbsi í fjölumdæminu. Fjárhæð fjölumdæmisgjalds skal ákveðin á fjölumdæmisþingi og skal það innheimt og greitt fyrirfram af hverjum klúbbsi í tveimur (2) hálfárslegum greiðslum fyrir hvern klúbbsféлага þann tíunda september hvert ár til greiðslu fyrir hálfárs tímabilið frá 1. júlí til 31. desember og fyrir hvern klúbbsféлага þann tíunda mars ár hvert til greiðslu á hálfársgjaldi fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní, þar sem

reikningsgerð vegna nefnds gjalds á að byggjast á félagatali hvers klúbbs miðað við fyrstu daga júlí- og janúarmánaðar, hvors mánaðar um sig.

□ Fjölumdæmisgjald skal greiðast til sameiginlegrar skrifstofu íslenskra Lionsklúbba af hverjum klúbbi í fjölumdæminu, nema klúbbum sem nýlega hafa fengið stofnskrá og endurskipulögðum klúbbum, sem skulu innheimta og greiða nefnt gjald hlutfallslega miðað við fyrsta dag annars mánaðar á eftir stofndegi klúbbs eða endurskipulagningu hans, eftir því sem við á. Nefnt gjald skal eingöngu greitt út vegna stjórnunarútgjalda fjölumdæmisins og eingöngu með samþykki umdæmisstjóraráðs.

■ **44. gr.** *Eftirstöðvar rekstrarsjóðs.*

□ Hvert reikningsár skal eftirstöðvum í stjórnunarsjóði fjölumdæmisins, sem eftir standa eftir greiðslu alls stjórnunarkostnaðar á því ári, haldið eftir í sjóðnum og skulu þær vera aðgengilegar til framtíðarútgjalda vegna stjórnunar umdæmisins og skulu eftirstöðvarnar skoðast sem tekjur á hverju því reikningsári þegar þeim er varið eða þær settar í fjárhagsáætlun til greiðslu slíkra útgjalda.

**XI. Kafli. Tilnefningar og stuðningsyfirlýsingar til embættis/embætta annars varaforseta og alþjóðastjórnarmanna.**

■ **45. gr.** *Málsmeðferð varðandi stuðningsyfirlýsingar.*

□ Með fyrirvara um ákvæði í alþjóðalögum og viðaukum við þau, skal hver sá félagi í Lionsklúbbi innan fjölumdæmisins sem leitar eftir stuðningsyfirlýsingu fjölumdæmisþings sem frambjóðandi til embættis alþjóðastjórnarmanns eða annars varaforseta alþjóðasamtakanna:

(a) Afhenda ritara/gjaldkera fjölumdæmis (með pósti eða sjálfur persónulega) skriflega tilkynningu um þá ætlan sína að leita slíkrar stuðningsyfirlýsingar eigi síðar en 30 dögum fyrir boðaðan setningardag þings (umdæmisþings eða fjölumdæmisþings) þar sem slík beiðni um stuðningsyfirlýsingu verði borin undir atkvæði.

(b) Afhenda, ásamt fyrrgreindri tilkynningu, gögn sem votti að embættisskilyrðum, sem tilgreind eru í alþjóðalögum og viðaukum varðandi embættið, sé fullnægt.

■ **46. gr.** *Tilnefning.*

□ Sérhverja tilkynningu um ætlað framboð, sem þannig er lögð fram, skal fjölumdæmisstjóri og ritari/gjaldkeri ráðsins umsvifalaust senda tilnefningarnefnd viðkomandi þings, sem ber að fara yfir og ganga frá henni, með því að afla viðbótargagna frá hverjum væntanlegum frambjóðanda um slík áform hans og hæfni, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja samkvæmt alþjóðalögum og viðaukum. Skal tilnefningarnefndin síðan bera fram tilnefningar á viðkomandi þingi með nafni hvers væntanlegs frambjóðanda sem fullnægir skilyrðum samkvæmt lögum og reglum um kjör.

■ **47. gr.** *Ræða frambjóðanda um stuðningsyfirlýsingu.*

□ Sérhver sá sem leitar stuðningsyfirlýsingar (frambjóðandi) á rétt á að halda eina ræðu þar sem óskað er stuðningsyfirlýsingar og má ræðan ekki vera meira en þrjár (3) mínútur að lengd.

■ **48. gr.** *Atkvæðagreiðsla.*

- Atkvæðagreiðsla um stuðningsyfirlýsingu skal fara fram leynilega með skriflegum atkvæðaseðlum, nema einungis einn frambjóðandi leiti eftir stuðningi, sé svo má fara fram atkvæðagreiðsla með handauppréttingu. Sá frambjóðandi sem fær meirihluta greiddra atkvæða skal lýstur kjörinn frambjóðandi fjölumdæmisþings.
- Ef atkvæði falla jafnt eða ef einn frambjóðenda nær ekki tilskildum meirihluta í atkvæðagreiðslu, skal atkvæðagreiðslu haldið áfram, en einungis um þá tvo sem tilnefndir hafa verið og flest atkvæði hlutu í fyrri atkvæðagreiðslu, þar til einn fær tilskilinn meirihluta greiddra atkvæða.

■ **49. gr.** *Stuðningsyfirlýsing við umdæmisframbjóðanda.*

- Sérhver frambjóðandi sem leitar stuðningsyfirlýsingar á fjölumdæmisþingi verður að hafa tryggt sér stuðning umdæmis síns fyrir þingið.

■ **50. gr.** *Vottun stuðningsyfirlýsingar.*

- Vottun stuðningsyfirlýsingar af hálfu fjölumdæmisþings skal vera skrifleg og skal hún send til alþjóðaskrifstofu af þeim embættismönnum fjölumdæmis sem tilnefndir hafa verið og í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í alþjóðalögum og viðaukum við þau.

■ **51. gr.** *Lögmæti.*

- Engin stuðningsyfirlýsing við frambjóðanda, sem er félagi í Lionsklúbbi í fjölumdæminu, skal talin lögmæt nema og uns ákvæðum þessa kafla hefur verið fullnægt.

## **XII. Kafli. Reglur fjölumdæmis um málsmeðferð við lausn ágreiningsmála.**

■ **52. gr.** *Ágreiningsmál sem lúta reglum um málsmeðferð.*

- Öll ágreiningsmál sem varða aðild að klúbbi, umdæmismörk klúbbs, túlkun, brot á eða beitingu laga fjölumdæmisins, svo og stefnu eða málsmeðferð sem tekin er upp hverju sinni af umdæmisstjóraráði eða hvers konar ágreiningsmál um önnur innri málefni fjölumdæmis, sem ekki er hægt að leysa á fullnægjandi hátt eftir öðrum leiðum, og upp koma milli klúbba eða umdæma innan fjölumdæmisins, eða milli einhvers klúbbs (klúbba) eða umdæmis eða umdæma og fjölumdæmisstjórnar, skal leysa á grundvelli eftirfarandi reglna um málsmeðferð ágreiningsmála.
- Sé ekki öðru vísi kveðið á um hér, er fjölumdæmisstjóra heimilt að stytta eða lengja tímamörk þau sem tilgreind eru í reglum þessum. Þegar um er að ræða kæru sem beinist gegn fjölumdæmisstjóra sjálfum, þá er ritara ráðsins eða gjaldkera þess, sáttamönnum eða alþjóðastjórn (eða þeim sem hún tilnefnir) það heimilt, á grundvelli gildra ástæðna.
- Allir aðilar að deilu, sem lýtur málsmeðferð þessari, skulu hvorki leita stjórnarsýslu- né réttarfarslegra úrræða á meðan á þessu ferli um lausn deilunnar stendur.



■ **53. gr.** *Kætur og kæruskráninargjald.*

Sérhverjum fullgildum og skuldlausum Lionsklúbbi og umdæmi í alþjóðasamtökunum („kærandi“) er heimilt að leggja fram skriflega beiðni („kæru“) hjá fjölumdæmisstjóra, eða sé um það að ræða að kæra beinist gegn honum er heimilt að leggja fram beiðni hjá ritara ráðsins eða gjaldkera ráðsins, um að ágreiningsmál verði leyst á grundvelli reglna þessara um málsmeðferð og fær lagadeild alþjóðasamtakanna afrit.

Kæru verður að leggja fram innan þrjátíu (30) daga frá því að kærandi (kærendur) vissi eða mátti vita um atvik það sem kæran byggist á átti sér stað. Kærandi (kærendur) verður að leggja fram fundargerðir sem undirritaðar eru af ritara klúbbs eða ritara stjórnar, þar sem vottað er að ályktun til stuðnings skráningu kærunnar hafi verið samþykkt af meirihluta allra félaga klúbbsins eða stjórnar umdæmis. Afrit af kæru skal sent varnaraðila (varnaraðilum).

Með kæru, sem skráð er samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum, skal fylgja skráningargjald að fjárhæð 750 bandaríkjadalar eða samsvarandi upphæð í viðkomandi innlendum gjaldmiðli, sem hverjum kæranda ber að greiða til fjölumdæmisins og skal afhenda fjölumdæmisstjóra. Sé um það að ræða að kæra beinist gegn fjölumdæmisstjóra sjálfum skal afhenda skráningargjaldið ritara ráðsins eða gjaldkera ráðsins, þegar kæra er skráð.

Ef sættir takast varðandi kæru eða hún er dregin til baka áður en endanlegur úrskurður sáttamanna liggur fyrir skal fjölumdæmið halda eftir jafnvirði 100 bandaríkjadala sem gjaldi vegna stjórnsýslukostnaðar en jafnvirði 325 bandaríkjadala skal endurgreitt kæranda og jafnvirði 325 bandaríkjadala skal greitt varnaraðila (sem skipta skal jafnt milli varnaraðila séu þeir fleiri en einn). Fari svo að hinir tilnefndu sáttamenn fallist á að kæra eigi við efnislega rök að styðjast og hún tekin til greina skal fjölumdæmið halda eftir jafnvirði 100 bandaríkjadala sem stjórnsýslugjaldi og jafnvirði 650 bandaríkjadala skal endurgreitt kæranda. Ef sáttamenn hafna kæru af einhverri ástæðu skal fjölumdæmið halda eftir jafnvirði 100 bandaríkjadala sem gjaldi vegna stjórnsýslukostnaðar og andvirði 650 bandaríkjadala skal greitt varnaraðila (sem skiptast skal jafnt milli varnaraðila séu þeir fleiri en einn). Ef sættir takast ekki um kæru, hún dregin til baka, hún tekin til greina eða henni hafnað innan þeirra tímamarka sem sett eru samkvæmt málsmeðferðarreglum þessum (nema framlengt hafi verið vegna efnislegra raka, gildra ástæðna), skal fjölumdæmið sjálfkrafa halda eftir öllu gjaldinu vegna stjórnsýslukostnaðar og verður ekki um neinar endurgreiðslur til aðila að ræða.

Allur málskostnaður, sem stofnað er til í tengslum við málsmeðferð til lausnar á deilunni, er á ábyrgð fjölumdæmisins, nema kveðið sé á um annað í stefnu þess sem sett hefur verið þess efnis, að allur málskostnaður sem stofnað er til í tengslum við meðferð til lausnar deilunni skuli greiddur að jöfnu af deiluaðilum.

■ **54. gr.** *Svar við kæru.*

Varnaraðila (varnaraðilum) er heimilt innan tíu (10) daga frá því tilkynning um kæru berst að leggja fram skriflegt svar við kæru hjá fjölumdæmisstjóra eða sé um að ræða kæru sem beinist gegn honum, skal leggja svar fram hjá ritara ráðsins eða gjaldkera ráðsins og fær lagadeild alþjóðasamtakanna afrit þess. Afrit af svari skal sent kæranda (kærendum).

■ **55. gr.** *Trúnaðarskylda.*

□ Þegar kæra hefur verið skráð, ættu skipti á orðsendingum milli kæranda (kæranda), varnaraðila (eins eða fleiri) og fjölumdæmisstjóra, eða sé um að ræða að kæra beinist gegn honum, þá ritara ráðsins eða gjaldkera ráðsins og sáttamanna, að vera bundin trúnaði að því marki sem mögulegt er.

■ **56. gr.** *Val sáttamanna.*

□ Innan fimmtán (15) daga frá skráningu kæru skal hver aðili deilu velja einn (1) hlutlausan sáttamann, sem skal vera fyrrverandi umdæmisstjóri, ákjósanlega fyrrverandi fjölumdæmisstjóri, sem er fullgildur og skuldlaus félagi í fullgildum og skuldlausum klúbbi í fjölumdæminu þar sem ágreiningur kemur upp, nema klúbbi sem er aðili að ágreiningi, og skal sá vera óhlutdrægur varðandi málefni það sem um er deilt og án hollustubanda við nokkurn aðila deilunnar.

□ Sáttamenn, sem valdir hafa verið, skulu velja einn (1) hlutlausan sáttamann sem starfar sem formaður og skal hann vera fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður og fullgildur og skuldlaus félagi í klúbbi sem er fullgildur og skuldlaus í fjölumdæminu, nema klúbbi þeim sem er aðili að ágreiningnum, og skal sá vera óhlutdrægur varðandi málefni það sem um er deilt og án hollustubanda við nokkurn aðila deilunnar. Sé engan óhlutdrægan fyrrverandi alþjóðastjórnarmann hægt að finna innan fjölumdæmisins þar sem deila rís, geta valdir sáttamenn valið einn (1) óhlutdrægan sáttamann/formann sem vera skal fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður og félagi í fullgildum og skuldlausum klúbbi í öðru fjölumdæmi.

□ Ákvörðun þeirra sáttamanna, sem valdir hafa verið, varðandi val sáttamanns/formanns telst vera endanleg og bindandi. Þegar valferli er lokið skulu sáttamenn teljast hafa verið útnefndir og hafa allar þær valdheimildir sem við eiga og nauðsynlegar eru til að leysa úr eða úrskurða um ágreiningsmálið í samræmi við málsmeðferðarreglur þessar.

□ Ef sáttamenn, sem valdir hafa verið, geta ekki komið sér saman um val sáttamanns/formanns innan fimmtán (15) daga skulu þeir sjálfkrafa taldir hafa sagt af sér vegna stjórnunarlegra ástæðna og verða aðilar þá að velja nýja sáttamenn (“seinni hópur sáttamanna, sem valdir hafa verið”) sem þá skulu velja einn (1) óhlutdrægan sáttamann/formann í samræmi við reglur þær um val og skilyrði sem lýst er að framan.

□ Fari svo að seinni hópur sáttamanna geti ekki komið sér saman um val sáttamanns/formanns innan fjölumdæmisins þar sem deila rís, geta valdir sáttamenn valið einn (1) óhlutdrægan sáttamann/formann sem vera skal fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður og félagi í fullgildum og skuldlausum klúbbi í öðru fjölumdæmi. Fari svo að seinni hópur sáttamanna geti ekki komið sér saman um val sáttamanns/formanns innan eða utan fjölumdæmisins þar sem deila rís, þá skal fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður sem síðast átti sæti í alþjóðastjórn í fjölumdæmi því þar sem deila rís eða úr aðliggjandi fjölumdæmi, hvort heldur liggur nær, valinn sáttamaður/formaður.

□ Tímamörk þau sem tilgreind eru í E-hluta (sem fylgir lögunum) má fjölumdæmisstjóri ekki stytta eða lengja og sé um það að ræða að kæra beinist gegn honum, þá gildir hið sama um ritara ráðsins, gjaldkera ráðsins og sáttamenn.

■ **57. gr.** *Sáttafundur og úrskurður sáttamanna.*

- Þegar sáttamenn hafa verið valdir skulu þeir ákveða fund með málsaðilum í þeim tilgangi að koma á sáttum í deilunni. Fundinn skal halda innan þrjátíu (30) daga frá vali sáttamanna. Markmið sáttamanna skal vera að finna tafarlausa og viðunandi lausn á ágreiningi.
- Reynist sáttatilaunir þessar árangurslausar hafa sáttamenn vald til þess að kveða upp úrskurð um ágreininginn. Sáttamenn skulu birta skriflegan úrskurð sinn eigi síðar en þrjátíu (30) dögum eftir þann dag sem upphaflegur fundur málsaðila var haldinn. Skal úrskurðurinn vera endanlegur og bindandi fyrir alla aðila. Hinn skriflegi úrskurður skal undirritaður af öllum sáttamönnum og skulu sératkvæði sáttamanns eða sáttamanna þar skráð.
- Úrskurður sáttamanna skal vera í samræmi við öll gildandi ákvæði alþjóðalaga og viðauka við þau, fjöllumdæmislega og umdæmislega, svo og stefnuyfirlýsingar alþjóðastjórnar. Úrskurðurinn lýtur lögsögu og frekari endurskoðun alþjóðastjórnar, að frumkvæði hennar samkvæmt eigin ákvörðun, eða þeirra sem hún tilnefnir.
- Eintak af hinum skriflega úrskurði skal afhent öllum aðilum, fjöllumdæmisstjóra, en sé um að ræða kæru sem beinist gegn honum, skal eintakið afhent ritara ráðsins eða gjaldkera ráðsins, umdæmisstjóraráði og eintak skal senda lagadeild alþjóðasamtakanna.
- Sé ekki farið eftir endanlegum og bindandi úrskurði sáttamanna felur það í sér atferli sem ekki sæmir Lionsfélaga og veldur missi þeirra réttinda sem fylgja félagsaðild og/eða að stofnskrá verði felld úr gildi.

### XIII. Kafli. Ýmislegt.

■ **58. gr.** *Laun og þóknunir.*

- Engum embættismanni skulu greidd laun fyrir þjónustu sem innt er af hendi í þágu fjöllumdæmisins á grundvelli embættis, með þeirri undantekningu, að fái ritari/gjaldkeri ráðsins greidd laun eða þóknun á annað borð, skulu þau laun eða þóknun ákveðin af umdæmisstjóraráði.

■ **59. gr.** *Fjárhagsár.*

- Fjárhagsár fjöllumdæmisins skal vera frá 1. júlí til 30. júní.

■ **60. gr.** *Endurskoðun eða könnun á bókhaldi.*

- Umdæmisstjóraráð skal sjá um að árlega eða oftari fari fram endurskoðun á bókhaldsgögnum og reikningum fjöllumdæmisins.

#### **XIV. Kafli. Breytingar á lögum.**

■ **61. gr.** *Málsmeðferð varðandi breytingar á lögum þessum.*

Lögum þessum má einungis breyta á fjölumdæmisþingi og verður breyting að vera samþykkt með tveimur þriðju hlutum (2/3) greiddra atkvæða.

■ **62. gr.** *Uppfærsla vegna breytinga á alþjóðalögum.*

Þegar breytingar á alþjóðalögum og viðaukum við þau eru samþykktar á alþjóðþingi, skulu allar breytingar, sem kynnu að hafa áhrif á fjölumdæmisög þessi, uppfærðar við lok þingsins, sbr. b-liður 2. mgr. 21. gr. laganna.

■ **63. gr.** *Tilkynning.*

Ekki má greina frá neinni breytingu á lögum eða greiða atkvæði um hana nema breytingin hafa verið birt með bréfi í almennum pósti eða með rafrænum hætti hverjum klúbbi eigi minna en þrjátíu (30) dögum fyrir boðaðan setningardag árlegs þings, ásamt tilkynningu um að viðkomandi breyting verði borin undir atkvæði þingsins.

■ **64. gr.** *Gildistökudagur lagabreytinga.*

Sérhver breyting á lögum þessum skal taka gildi við lok þess þings þar sem hún var samþykkt, nema kveðið sé á um annað í breytingunni sjálfri.

#### **XV. Kafli. Gildistaka.**

■ **65. gr.** *Gildistaka.*

Lög þessi taka gildi við lok fjölumdæmisþings 2017. Frá sama tíma falla úr gildi lög sem samþykkt voru á fjölumdæmisþingi á Akureyri árið 1998, ásamt síðari breytingum.

## **Alþjóðasamtök Lionsklúbba - Lions Clubs International -**

### **Markmið**

AÐ SKIPULEGGJA, stofna og hafa eftirlit með starfi þjónustuklúbba sem nefndir eru Lions klúbbar.

AÐ SAMHÆFA verkefni Lionsklúbba og samræma stjórnunarhætti þeirra.

AÐ VEKJA og efla anda skilnings meðal þjóða heims.

AÐ EFLA meginreglur heilbrigðs stjórnarfars og borgaralegra dyggða.

AÐ SÝNA virkan áhuga á velferð samfélagsins í félagsmálum, menningu og almennu siðgæði.

AÐ TENGJA klubbana böndum vináttu, góðs félagsanda og gagnkvæms skilnings.

AÐ SKAPA vettvang fyrir frjálsar umræður um öll málefni sem varða almannaheill en undanskilja þó umræður um stjórnsmál og trúarbrögð.

AÐ HVETJA þjónustuviljuga fólk til að leggja lið í samfélagi sínu, án persónulegs, fjárhagslegs ávinnings, og að hvetja til dugnaðar og eflingar siðgæðis á sviðum viðskipta, iðnaðar, atvinnulífs, opinberrar þjónustu og einkareksturs.

### **Framtíðarsýn**

AÐ VERA leiðtogi innan samfélagsins og á sviði mannúðarmála um allan heim.

### **Hlutverk**

AÐ GERA sjálfboðaliðum kleift að þjóna byggðarlagi sínu, að svara þörfum á sviði mannúðar, stuðla að friði og efla skilning milli aðila á alþjóðavettvangi með tilstuðlan Lionsklúbba.